



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Mennta- og barnamálaráðherra,
Ásmundur Einar Daðason
Borgartúni 33
105 Reykjavík

Reykjavík 22. október 2024

Efni: Námsúrræði Klettabæjar

Þann 15. maí sl. sendi umboðsmaður barna bréf til mennta- og barnamálaráðherra vegna námsúrræðis fyrir nemendur á framhaldsskólaaldri sem rekið er af Klettabæ ehf. Umboðsmaður barna óskaði eftir nánari upplýsingum um það fyrirkomulag, fjölda barna sem sækja úrræðið og hversu lengi þau hafi notið þess. Einnig óskaði umboðsmaður eftir upplýsingum um hvernig slíkt úrræði, sem rekið er af einkaaðila, uppfylli að mati ráðuneytisins þær skyldur sem fram koma í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, einkum með vísan til 12. gr. laganna um almenn skilyrði fyrir viðurkenningu framhaldsskóla og 32. gr., þar sem fjallað er um rétt barna 16 ára og eldri til þess að hefja nám í framhaldsskóla. Erindi umboðsmanns var ítrekað 24. september. Svar frá mennta- og barnamálaráðuneytinu barst 9. október. Í svari ráðuneytisins kom fram að úrræði Klettabæjar sé ekki með viðurkenningu sem framhaldsskóli en ákveðið hafi verið að tengja framhaldsskóla sem faglegan bakhjarl við Klettabæ og ráðuneytið hafi fengið Framhaldsskólann Í Garðabæ (FG) til að taka það verkefni að sér.

Samkvæmt 1. mgr. 32. gr. laga nr. 92/2008 eiga öll börn sem lokið hafa grunnskólanámi, hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða hafa náð 16 ára aldri rétt á því að hefja nám í framhaldsskóla og jafnframt eiga þau rétt á námsvist til 18 ára aldurs. Umboðsmaður barna óskar hér með eftir upplýsingum um mat mennta- og barnamálaráðuneytis á því hvort námsúrræði Klettabæjar uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til

framhaldsskóla í lögum nr. 92/2008. Þá óskar umboðsmaður eftir upplýsingum um það hvort ráðuneytið telji að þau börn sem sækja námsúrræði á framhaldsskólastigi í Klettabæ hafi fengið að hefja nám í framhaldsskóla í samræmi við 1. mgr. 32. gr. laga nr. 92/2008 og hvort ráðuneytið telji að stjórnvöld séu að uppfylla fræðsluskyldu sína gagnvart þessum börnum.

Einnig óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum um það hver framkvæmi innra mat á námsúrræði Klettabæjar og hvort það hafi verið birt opinberlega. Markmið slíks mats er m.a. að tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Ef ekkert innra mat er framkvæmt þar sem ekki er um framhaldsskóla að ræða óskar umboðsmaður eftir upplýsingar um hvort og þá hver leggi mat á árangur og gæði úrræðisins og hvort nemendur og foreldrar hafi fengið að taka þar þátt.

Að lokum gerir umboðsmaður barna athugasemdir við að fjöldi nemenda í námsúrræði Klettabæjar á haustönn 2024 liggi ekki fyrir þar sem svar ráðuneytisins er dagsett 9. október sl. Umboðsmaður barna óskar eftir að ráðuneytið upplýsi umboðsmann um ástæður þess að fjöldi nemenda á haustönn 2024 liggi ekki fyrir.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Þess er jafnframt óskað að umræddar upplýsingar og skýringar berist umboðsmanni barna svo fljótt sem auðið er.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna